

# ÞAÐ í fornu máli – og síðar

## 0. Inngangur<sup>1</sup>

Smáorðið *það* er mjög algengt í upphafi setninga í nútímamáli, einkum þó talmálinu.<sup>2</sup> Í flestum íslenskum málfræðibókum er það greint sem fornafn, annaðhvort persónu- eða ábendingarfornafn, í hvorugkyni eintölu, nefnifalli eða þolfalli (sjá t.d. Jakob Jóh. Smára 1920:18-19; Björn Guðfinnsson 1943:8). Sú greining er óumdeilanleg í setningunum í (1b-c):

- (1) a. Ég er búinn að lesa blaðið.  
 b. **Það** liggur á borðinu.  
 c. **Það** blað er löngu farið í ruslið.

Hér er augljóst að *það* í (1b) er persónufornafn og vísar til *blaðsins* sem nefnt er í (1a). Í (1c) er *það* hins vegar ábendingarfornafn; stendur hliðstætt með nafnorðinu *blað* en vísar jafnframt til *blaðsins* í (1a).

En mjög algengt er einnig að *það* sé harla merkingarsnautt, án þeirrar tilvísunar sem annars er helsta kennimark fornafna. Merkingarleysi þess má m.a. marka af því að hægt er að fella það brott án þess að merking setningarinnar breytist í nokkru. Slíkt *það* er ýmist nefnt **aukafrumlag** (Jakob Jóh. Smári 1920:18-19, Björn Guðfinnsson 1943:8, Höskuldur Þráinsson 1995:63), **gervifrumlag** (Halldór Ármann Sigurðsson 1994:51, Höskuldur Þráinsson 1995:63) eða **leppur** (Höskuldur Þráinsson 1999:194, Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001:124) (e. *dummy, expletive*) og oft talið hafa setningafræðilegt hlutverk eingöngu, en ekki merkingarlegt. Ekki er hér ástæða til að fara nákvæmlega í saumana á því hvert það hlutverk sé, en í einfölduðu máli má segja að *það* sé notað til að koma í veg fyrir að setning hefjist á sögninni. Þetta *það* kemur því eingöngu fram í upphafi setningar, en hverfur sporlaust ef setningunni er breytt þannig að annar liður, s.s. andlag, atviksliður eða forsetningarliður, er settur fremst. Þetta er sýnt í (2), þar sem (2b) er eina tæka setningin ((2a) getur vitanlega gengið sem spurning, en ekki sem fullyrðing).

- (2) a. \*Rignir mikið í Reykjavík núna.  
 b. **Það** rignir mikið í Reykjavík núna.  
 c. Mikið rignir (\***það**) í Reykjavík núna.  
 d. Í Reykjavík rignir (\***það**) mikið núna.  
 e. Núna rignir (\***það**) mikið í Reykjavík.

<sup>1</sup> Frumdrög þessarar greinar urðu til fyrir allöngu, við kennslu í sögulegri setningafræði á meistarastigi í íslenskri málfræði, en þessi gerð er byggð á erindi sem ég hélt í samræðuhópi um málvísindi í Háskóla Íslands haustið 2001. Ég þakka þátttakendum í samræðuhópnum fyrir gagnlegar umræður, en einkum þakka ég þó Höskuldi Þráinssyni og ónafngreindum yfirlesara *Íslensks máls* fyrir athugasemdir sem gerbreyttu greininni.

<sup>2</sup> Ekki liggur fyrir ítarlegur samanburður á tíðni *það* í talmáli og ritmáli. Ásta Svavarsdóttir (2001) hefur þó gert forathugun á hluta efnisins (62 þúsund lesmálorðum) í *Íslenskum talmálsbanka* (ÍS-TAL) sem unnið var að á árunum 1999-2002 undir stjórn Þórunnar Blöndal (sjá <http://www.hi.is/~eirikur/istal>). Þar er orðmyndin *það* sú þriðja algengasta, og dæmafjöldinn um hana 71% af dæmafjölda um algengustu orðmyndina (*að*). Í *Íslenskri orðtíðnibók* (Jörgen Pind, Friðrik Magnússon og Stefán Briem 1991), sem er eingöngu unnin upp úr rituðum textum, er *það* hins vegar níunda algengasta orðmyndin, og dæmafjöldinn aðeins 25,6% af fjölda dæma um algengustu orðmyndina (sem þar er *og*; 26,5% miðað við *að*, sem er næstalgengasta orðmyndin í *Íslenskri orðtíðnibók*). Athugið að hér er eingöngu verið að tala um **orðmyndina** *það*, og ekki greint á milli mismunandi hlutverka hennar. Þessar tölur benda því til verulegs munar á talmáli og ritmáli hvað tíðni *það* varðar.

Því hefur verið haldið fram að tilkoma merkingarsnauðs *það* sé ein þeirra setningafræðilegu breytinga sem hafi orðið á íslensku á undanförunum öldum, þar eð slíkt fyrirbæri hafi ekki verið til í fornu máli. Þannig segir Jakob Jóh. Smári (1920:21-22): „Nú er oft bætt inn mállægu frumlagi (*það* eða *hann*) þar, sem ekkert frumlag var að fornu.“ Ekki hefur hins vegar verið kannað nákvæmlega hvenær sú breyting hafi orðið, þótt Þorbjörg Hróarsdóttir (1998) hafi sýnt fram á að mikil aukning verður í notkun *það* í byrjun 19. aldar.

Markmið þessarar greinar er annars vegar að tína til dæmi sem benda til þess að þróun í átt til merkingarsnauðs *það* hafi a.m.k. verið hafin í fornu máli; og hins vegar að gera grein fyrir elstu öruggu dæmum sem fundist hafa um ýmsar tegundir setninga með merkingarsnauðu *það*. Í fyrsta kafla er gefið yfirlit yfir helstu tegundir *það*-setninga í nútímamáli og þær tengdar við skyld mál. Í öðrum kafla er gerð grein fyrir stöðunni í fornu máli, sýnd dæmi um nokkrar tegundir *það*-setninga þar og reynt að greina stöðu þeirra. Í þriðja kafla er þróun *það*-setninga rakin frá 16. til 19. aldar; sýnd ótvíræð dæmi um *það*-setningar á fyrri hluta 16. aldar og gerð grein fyrir breytingaskeiði í byrjun 19. aldar. Fjórði kafla er svo lokaorð.

## 1. Merkingarsnauð *það* í nútímamáli

### 1.1 *það* í ýmsum setningagerðum

Setningum með merkingarsnauðu *það* má skipta í nokkra flokka, þótt ekki sé alltaf augljóst hvar eigi að draga mörkin á milli þeirra. Slíkt *það* er m.a. algengt í „náttúrufarssetningum“, þ.e. setningum sem varða veðurfar, birtu, tíma dagsins o.þ.h.<sup>3</sup>

- (3) a. **Það** var svo kalt þannig að flestir komu bara strax heim.  
b. **Það** er bara eiginlega bjart bara alveg til tíu.  
c. Já hann er dálítið lengi að ná sér stundum ef **það** er kalt.

Einnig er merkingarsnauð *það* algengt í ópersónulegri notkun ýmissa sagna sem einnig geta haft tilvísandi frumlag, eins og í (4),<sup>4</sup> svo og í þolmyndarsetningum með áhrifslausum sögnum, eins og í (5):

- (4) a. ... af því að **það** má ekki skila fyrr en á miðvikudaginn.  
b. **Það** þarf svolitla hæfileika til að gera þetta.  
c. Nei Helgi **það** er búin að segja nei við þig.  
d. ... að **það** hefur bara vantað svo mikið börn til þess að ættleiða.
- (5) a. Allt í einu birtist þessi jálkur þarna og **það** er bara flautað á okkur.  
b. **Það** var keyrt á hann.  
c. **Það** var verið að leita að einhverju lúsastandi.  
d. Já **það** var talað inn á til þess að maður næði ekki lögunum sko upp.

Framantalin dæmi eru frumlagslaus – nema *það* sé greint sem frumlag, eins og t.d. Jakob Jóh. Smári gerir (1920:21-30). En *það* er einnig oft notað þótt (annað) frumlag sé í setningunni, bæði

<sup>3</sup> Dæmin í (3)-(9), að undanskildum dæmunum í (8), eru öll tekin úr ÍS-TAL (sjá 2. nmgr.).

<sup>4</sup> Öllum þessum setningum er auðvelt að gefa tilvísandi frumlag án þess að breyta setningagerðinni að öðru leyti:

- (i) a. ... af því að **ég** má ekki skila fyrr en á miðvikudaginn.  
b. **Maður** þarf svolitla hæfileika til að gera þetta.  
c. Nei Helgi **ég** er búin að segja nei við þig.  
d. ... að **fólk** hefur bara vantað svo mikið börn til þess að ættleiða.

í þolmyndarsetningum með óákveðnu frumlagi eins og (6)<sup>5</sup> og í svokölluðum **tilvistar-** eða **kyningarsetningum** (e. *existential/presentational sentences*), eins og (7):

- (6) a. Já en **það** er haldið uppi standard.  
b. **Það** var gerð einhver athugun á verðbréfasölum sem höfðu of háan blóðþrýsting.  
c. **Það** er gefinn upp sko einhver hámarkstími fyrir hleðslu.
- (7) a. **Það** var fullt af börnum þarna.  
b. **Það** var komin ný lifrarkæfa á markaðinn sem er svona léttreykt.  
c. Hann segir að **það** sé ekki til nein miðferð í því það er bara hægferð eða hraðferð.  
d. **Það** er ábót til.

Eins og áður er nefnt kallar Jakob Jóh. Smári slíkt *það* **aukafrumlag** og segir (1920:18-19):

Aukafrumlag þetta er venjul. aðeins notað, þegar hið eiginlega frumlag er óákveðið (án greinis) og helzt með sögnum, er merkja veru eða hreyfingu. Er þá aukafrumlagið fremst, þá sögnin og loks hið eiginlega frumlag.

Einnig má þó finna dæmi um *það* með öðrum sögnum en þeim sem merkja veru eða hreyfingu, þ. á m. áhrifssögnum, eins og sést í (8):<sup>6</sup>

- (8) a. **Það** hefur einhver borðað allan grautinn minn.  
b. **Það** getur enginn svarað þessu.  
c. **Það** stungu einhverjir stúdentar smjörinu í vasann.  
d. **Það** keypti hann eitthvert fífl.

Það er ekki heldur algilt að frumlagið sé óákveðið; Jakob Jóh. Smári (1920:19) bendir á að það „kemur fyrir, að aukafrumlag sé notað, þótt hið eiginlega frumlag sé ákveðið af greini [...]“. Eftirfarandi dæmi sýna þetta:

- (9) a. (svo sætir þessir bollar) Já en **það** var ekki til **rjómakannan** þannig að ég bíð eftir að hún komi.  
b. ef **það** er **þriðja kryddið** í þessu þegar þú hættir að hræra þá togast aðeins aftur sko snúningurinn í vökvanum hættir.  
c. munið þið sko að að fara út á föstudeginum langa og það er lítil umferð **það** er lokuð **Hyrnan ...**

Sjá um slík dæmi einnig Eirík Rögnvaldsson (1984a) og Halldór Ármann Sigurðsson (1989:292-307).

<sup>5</sup> Á seinustu árum er orðið algengt, a.m.k. í máli barna, að nota svipaðar setningar án þess að frumlagið sé óákveðið („nýja þolmyndin“ svokallaða):

- (i) a. **Það** var barið mig.  
b. **Það** var hrint mér.

Sjá um slíkar setningar einkum Sigríði Sigurjónsdóttur og Joan Maling (2001).

<sup>6</sup> Enska og norræn mál, önnur en íslenska (og að einhverju leyti færeyska) leyfa slíkar setningar ekki (sjá t.d. Maling 1987; Vikner 1995:197-201, 218; Bobaljik og Jonas 1996:208-209). Þær eru þó sennilega ekki ýkjja algengar í málinu; a.m.k. fann ég ekki í fljótu bragði nein dæmi af þessu tagi í ÍS-TAL safninu.

## 1.2 Fráfærsla

Að lokum skal nefna setningar með svonefndri **fráfærslu** (e. *extraposition*), eins og í (10), en þeim lýsir Jakob Jóh. Smári svo (1920:16):<sup>7</sup>

Þegar frumlagið er nafnháttur eða setning, er fornafnið *það* einnig notað sem frumlag, og nafnhátturinn eða aukasetningin gerð viðurlag við fornafnið.

- (10) a. **Það** var voða gaman [að fara á þessa sýningu].  
b. **Það** er ekki hægt [að gera neitt vitlaust].  
c. **Það** hefur hvarflað að mér [að bjóða Sigurði í mat].  
d. ... því **það** skiptir engu máli [hvað það er].  
e. **Það** getur verið [að þetta sé sonur hans].  
f. ... að **það** var dálítið erfitt [að finna út sko réttu litina].

Ítarlegustu úttektina á slíkum setningum er að finna hjá Höskuldi Þráinssyni (1979:176-210), sem leiðir rök að því að í þeim geti eðli *það* verið mismunandi.<sup>8</sup> Oftast sé *það* leppur sem hverfi ef setningunni er breytt þannig að eitthvað annað standi á undan sögninni, eins og í (11b):

- (11) a. **Það** er ótrúlegt [að enginn hafi tekið eftir þessu].  
b. Ótrúlegt er [að enginn hafi tekið eftir þessu].

Stundum sé *það* þó raunverulegt tilvísandi fornafn (ábendingarfornafn), vísi til *að*-setningarinnar, enda getur *það* þá staðið við hlið hennar í frumlagssætinu (12b) og komið á eftir sögninni (12c):

- (12) a. **Það** er ótrúlegt [að enginn hafi tekið eftir þessu].  
b. **Það** [að enginn hafi tekið eftir þessu] er ótrúlegt.  
c. Ótrúlegt er **það** [að enginn hafi tekið eftir þessu].

Ef *það* væri hér leppur mætti búast við því að *það* kæmi ekki fram þegar eitthvað annað stendur á undan sögninni, sbr. (2c-e), enda þess þá ekki þörf. Fyrst *það* helst í (12b-c) má ætla að *það* sé þar hluti (vinstri grein) samsetts frumlagsliðar, ábendingarfornafn sem vísi til *að*-setningarinnar líkt og *sú fullyrðing* í (13).<sup>9</sup>

<sup>7</sup> Við þetta má svo bæta dæmum þar sem aukasetningin hægra megin er ekki *að*-setning, heldur tengd með öðrum aukatengingum, s.s. *sem*, *þegar*, *ef* og fleirum (dæmi úr ÍS-TAL):

- (i) a. **Það** er svo sjaldan [sem að við erum heima um páska].  
b. **Það** er bara martröð [þegar þú ert að tala við mig þegar þú ert að leiðrétta mig].  
c. Ég held að **það** sé voðalega gott [ef menn finna sér bara einhverja trú sama hver hún er].

Óljóst er hvernig beri að greina þessar setningar. Þeim svipar mjög til fráfærslusetninga, en í þeim er þó útilokað að láta aukasetninguna standa í frumlagssætinu og sleppa *það*. Hér verður ekki gerð nein tilraun til að koma með greiningu á gerð slíkra setninga, en um þær er nokkuð fjallað hjá Höskuldi Þráinssyni (1979:171-172; 204-210). Hann telur að í flestum tilvikum sé *það* raunverulegt frumlag, en í sumum setningum, eins og t.d. (ic), geti *það* verið leppur. Sjá einnig Halldór Ármann Sigurðsson (1981:18).

<sup>8</sup> „In English, Icelandic, and many other languages, there are rules which move clauses to the right, and a pronoun shows up at the place where the clause originated. We have argued that in some cases this pronoun is a dummy, inserted into an NP-slot vacated by the clause, but in others it is base generated in place“ (Höskuldur Þráinsson 1979:243).

<sup>9</sup> Höskuldur (1979:188-195) gerir reyndar greinarmun á tvenns konar setningum með þessari formgerð og telur að í sumum þeirra þurfi *það* að vísa í undanfarandi texta (vera „discourse anaphoric“), en í öðrum (staðreyndasetningum (factives)) þurfi svo ekki að vera. Í báðum tilvikum verður að gera ráð fyrir merkingarvenslum milli *það* og *að*-setningarinnar (hún er nánari útfærsla eða útskýring á *það*).

- (13) a. **Sú fullyrðing** er ótrúleg [að enginn hafi tekið eftir þessu].  
 b. **Sú fullyrðing** [að enginn hafi tekið eftir þessu] er ótrúleg.  
 c. Ótrúleg er **sú fullyrðing** [að enginn hafi tekið eftir þessu].

Í mörgum tilvikum er því hægt að greina sömu setninguna á tvo mismunandi vegu, eins og (11a)/(12a). Eina leiðin til að velja réttu greininguna er að breyta setningunni, sbr. (11b)/(12b-c) og máta hinar breyttu gerðir við tiltekið umhverfi – sem þó er ekki víst að dugi alltaf til. Stundum virðist þó *það* í slíkum setningum eingöngu geta verið leppur; getur þá ekki staðið með *að*-setningunni í framlagsætinu og kemur aðeins fram í upphafi setningar:

- (14) a. **Það** var einn dag [að flestir voru að heiman].  
 b. \***Það** [að flestir voru að heiman] var einn dag.  
 c. ??Einn dag var **það** [að flestir voru að heiman].

Meira er fjallað um setningar á við (14) í 2.4 hér á eftir.<sup>10</sup>

### 1.3 Leppir í skyldum málum

Hér hefur verið látið sem *það* í íslensku væri af tvennum toga; annars vegar tilvísandi (persónufornafn, ábendingarforafn) eins og í (1) og (12), og hins vegar merkingarsnaður leppur eins og í (2)-(9), (11) og (14).<sup>11</sup> Þetta kann þó að vera einföldun á málinu, eins og sjá má ef borið er saman við skyld tungumál. Sum þeirra nota ekki sama orðið í öllum þeim setningagerðum með merkingarsnaudu *það* sem nefndar hafa verið hér að framan (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 1999:217). Þetta má sjá í eftirfarandi yfirliti (sbr. t.d. Vikner 1995:224-228):

(15)	<i>Íslenska</i>	<i>Danska</i>	<i>Enska</i>
a.	<b>Það</b> hús er stórt.	<b>Det</b> hus er stort.	<b>That</b> house is large.
b.	Ég sé húsið. <b>Það</b> er stórt.	Jeg ser huset. <b>Det</b> er stort.	I see the house. <b>It</b> is large.
c.	<b>Það</b> rignir.	<b>Det</b> regner.	<b>It</b> rains.
d.	<b>Það</b> er ljóst að þetta er rangt.	<b>Det</b> er klart at dette er forkert.	<b>It</b> is clear that this is wrong.
e.	<b>Það</b> eru bækur á borðinu.	<b>Der</b> er nogle bøger på bordet.	<b>There</b> are some books on the table.

Norska og sænska nota hins vegar sama orðið, *det*, í öllum tilvikum, en þýska notar *es* fyrir allt nema *das* sem ábendingarforafn.

<sup>10</sup> Því fer fjarri að hér hafi verið taldar allar tegundir *það*-setninga í nútímamáli. Til viðbótar má nefna svokallaðar **klofningarsetningar** (e. *cleft sentences*) eins og (i) (sjá Höskuld Þráinsson 1979:76-88, dæmi *þaðan*):

- (i) a. **Það** var Ólaf **sem** María sá.  
 b. **Það** var undir rúminu **sem** þeir fundu bókina.  
 c. **Það** var með hamri **sem** hann lagaði lásinn.

Einnig má nefna setningar með *eins og*, sem eru algengar í talmáli (dæmi úr ÍS-TAL):

- (ii) a. **Það** er **eins og** þau séu svo nálægt manni.  
 b. **Það** er **eins og** þeir bara haldi því ekki.  
 c. **Það** var nú ekki **eins og** það væri mikið barnaefni.

Fleiri tegundir mætti tína til; en óljóst er í hvaða flokk eigi að setja ýmsar setningar, og hversu nákvæm flokkun eigi rétt á sér.

<sup>11</sup> Enda þótt flest dæmin hér að framan séu um *það* í aðalsetningum, þá er *það* einnig algengt í flestum tegundum aukasetninga (sjá Friðrik Magnússon 1990). Hlutfallsleg tíðni þess virðist þó vera talsvert minni þar (0,9% á móti 2,9%, sbr. Þorbjörgu Hróarsdóttur og Halldór Ármann Sigurðsson 1994; Sigurð H. Pálsson og Halldór Ármann Sigurðsson 1994).

Þessi munur kann að benda til þess að setningafræðileg og/eða merkingarleg staða *það* og samsvarandi orða í skyldum málum sé ekki alltaf sú sama. Því hefur verið haldið fram að þau séu **hálfgildings rökliðir** (e. *quasi-argument*) í setningum á við (15c-d), en raunverulegir leppir (e. *non-arguments*) í setningum á við (15e) (sjá einkum Vikner 1995:224-268). Fyrir þessari aðgreiningu má færa ýmis rök, sem fæst koma reyndar fram í íslensku. Þó má benda á að með náttúrufræðissögnum eins og í (15c) er hægt að nota *hann* í stað *það*, og *hann* hverfur ekki úr setningunni þótt einhver annar liður standi fremst (Jakob Jóh. Smári 1920:16-30, Vikner 1995:227-228, Höskuldur Þráinsson 1999:218).

Um *það* í nútímamáli, notkun þess, eðli og stöðu, hefur geysimikið verið skrifað. Þar má m.a. vísa á Höskuld Þráinsson (1979), Eirík Rögnvaldsson (1984b), Maling (1987), Halldór Ármann Sigurðsson (1989), Eirík Rögnvaldsson og Höskuld Þráinsson (1990), Kosmeijer (1990) og Vikner (1995). Í þessum ritum eru settar fram talsvert mismunandi skoðanir á dreifingu og stöðu *það*, en ekki eru efni til að rekja það hér.

## 2. *það* í fornu máli

### 2.1 Vandkvæði við greiningu

Það er ýmsum vandkvæðum bundið að kanna og ákvarða hvort merkingarsnautt *það* komi fyrir í fornu máli. Því veldur ekki síst að slíkt *það* er talmálseinkenni og fremur sjaldgæft í ritmáli, jafnvel í formlegu ritmáli enn í dag; en við höfum engar heimildir um fornt talmál. Í ritmáli er algengt að andlag, atviksliður eða forsetningarliður standi fremst í setningu, og þá er leppnum ofaukið því að hann getur aðeins staðið í upphafi setningar – í nútímamáli a.m.k. – eins og áður er bent á. Slík dæmi voru enn algengari að fornu en nú, og þar var einnig algeng svonefnd **frásagnarumröðun** (sjá einkum Halldór Ármann Sigurðsson 1994), þar sem sögnin stendur fremst.<sup>12</sup>

Einnig þarf að hafa í huga að enda þótt leppurinn *það* hefði verið til í fornmáli er ekki öruggt að hann hefði hagað sér eins og í nútímamáli. Það er t.d. hugsanlegt að hann hefði getað staðið á eftir sögn, eins og hann gerir í skyldum málum, í stað þess að hverfa úr setningunni ef eitthvað annað er fært fremst eins og hann gerir nú. Því gæti *það* á eftir sögn m.ö.o. verið leppur í fornu máli, þótt sú túlkun sé útilokuð í nútímamáli. En vegna þess að sú staða leppsins virðist vera nýjung í grannmálunum (sjá 2.4 og 3.1 hér á eftir) verður að telja þennan möguleika mjög ólíklegan, og hann verður ekki skoðaður frekar hér.

Við þetta bætist að staða *það* í nútímamáli er hreint ekki alltaf ljós; oft leikur vafi á því hvort orðið sé tilvísandi (persónu- eða ábendingarfornafn) eða merkingarsnauður leppur. Þetta á ekki síst við í fráfræslusetningum, eins og (10) hér að framan (sjá einkum Höskuld Þráinsson 1979:176-210). Til að ákvarða eðli *það* þarf oft að beita ýmiss konar setningafræðilegum prófum, s.s. breyta orðaröð, og sjá hvernig *það* bregst við, eins og dæmi voru sýnd um í 1.2 hér að framan. En slíkum prófum er yfirleitt útilokað að beita á eldri málstig (sjá t.d. Eirík Rögnvaldsson 1998:327-329).

Þetta þýðir samt ekki að fyrirfram sé útilokað að finna nokkur örugg dæmi um leppi í fornu máli. Í nútímamáli er greining *það* sem lepps oft ótvíræð, t.d. oftast í náttúrufræðissetningum eins og (3) og tilvistarsetningum eins og (7). Ef hliðstæðar setningar með *það* myndust í fornu máli væru engin rök til annars en greina orðið þar á sama hátt, vegna þess hversu líkar forníslenska og nútímaíslenska eru þrátt fyrir allt að setningafræðilegri gerð. Finnist engar slíkar setningar vandast málið; þá þarf að fara að túlka þögn textanna.

<sup>12</sup> Stundum hafa menn einfaldað málið um of – oftúlkað möguleika fornmálsins á að hafa sögnina fremst og talið að þar hafi verið hægt að segja einfaldlega *Rignir* þar sem nú væri sagt *Það rignir* (sjá Haiman 1974:93-100). Ekkert bendir þó til þess; setningar með sögnum af þessu tagi virðast hafa lotið svipuðum lögmálum og giltu almennt um stöðu sagnar fremst, óháð því hvort frumlag var í setningunni (Halldór Ármann Sigurðsson 1994).

## 2.2 Vitnisburður textanna

Því hefur venjulega verið haldið fram að merkingarsnautt *það* komi ekki fyrir í fornu máli.<sup>13</sup> Áður hefur verið vísað til Jakobs Jóh. Smára (1920:21-22). Kristín M. Jóhannsdóttir (1992) athugaði notkun *það* í Sturlungu, og sú könnun leiddi ekki í ljós nein ótvíræð dæmi um *það* sem lepp. Faarlund (1990:105) fullyrðir að *það*-leppurinn hafi ekki verið til í fornu máli, og vitnar í óprentað erindi Höskuldar Þráinssonar (1989). Halldór Ármann Sigurðsson (1994:51) segist aðeins hafa rekist á eitt hugsanlegt dæmi um *það*-lepp í fornmálsathugunum sínum, en sú túlkun setningarinnar er þó mjög óviss.<sup>14</sup>

Ég hef kannað nokkuð vandlega dæmi um *það* í textasafni mínu sem tekur til *Íslendinga sagna*, *Sturlungu*, *Heimskringlu* og *Landnámu*. Þar eru alls 16.583 dæmi um orðið, en ekkert þeirra er úr setningagerðum sambærilegum við þær sem sýndar eru í (3)-(9) hér að framan (náttúrufarssetningar, þolmyndarsetningar, tilvistarsetningar o.fl.). Spurningin er þá hversu miklar ályktanir megi draga af þögn textanna. Er óhætt að túlka þessar niðurstöður svo að leppurinn *það* hafi ekki verið til (a.m.k. ekki í þessum setningagerðum) í fornu máli (sjá Eirík Rögnvaldsson 1998:330-331)?

Faarlund (1990:17) lítur a.m.k. svo á, og tínir til nokkrar *það*-lausar setningar í forníslensku þar sem *det* væri notað (og nánast skyldubundið) í samsvarandi setningum í „afkomandanum“ (descendent language) nýnorsku.<sup>15</sup> Meðal þeirra dæma sem hann tekur eru setningarnar í (16a-b). (16a) er úr *Hrafnkels sögu Freysgoða*, en (16b) er úr nýnorskri þýðingu sögunnar.

- (16) a. Bjarni hét maður. (*Hrafnkels saga Freysgoða*, s. 1398)  
b. Det var ein mann som heitte Bjarne.

Faarlund heldur því fram að þarna komi fram mikilvægur munur og vísar til „lögmáls ónýtttra tækifæra“ (The principle of „missed opportunities“), sem hann orðar svo (1990:17):<sup>16</sup>

- (17) Ef tiltekin setningafræðileg eind eða formgerð, F, er notuð reglulega í tilteknu hlutverki eða samhengi, S, í lifandi tungumáli, T, og F kemur ekki fyrir í S á eldra stigi tungumálsins, FT, þá eru ríkar ástæður til að ætla að F hafi ekki verið til í FT.

Ég hef miklar efasemdir um „lögmál“ af þessu tagi yfirleitt; en sé því beitt væri a.m.k. miklu nær að bera norrænu saman við nútímaíslensku en við norsku. Vissulega er það rétt að nútíma norska er „afkomandi“ norrænu; hins vegar er augljóst að tengslin við nútímaíslensku eru miklu nánari en við norsku. (16a) væri fullkomlega eðlileg setning í íslensku ritmáli enn í dag, þrátt fyrir að óumdeilt sé að nútímaíslenska hefur merkingarsnautt *það*. Því verða slíkar setningar í

<sup>13</sup> Hluti af þessum undirkafla og hinum næsta hefur áður birst í svipaðri mynd (Eiríkur Rögnvaldsson 1998:329-331).

<sup>14</sup> Dæmið er svohljóðandi í útgáfunni sem ég nota (í þeirri gerð sem Halldór notar stendur *fara* í stað *leggja* en *það* skiptir ekki máli hér):

(i) „Aldrei skal hún spilla okkru vinfengi,“ segir Gunnar.

„**Það** mun þó svo nær leggja, segir Njáll,“ [...] (*Brennu-Njáls saga*, s. 161)

Hér finnst mér eðlilegast að líta svo á að *það* sé tilvísandi („discourse anaphoric“, sbr. 9. nmgr. hér að framan); vísi til (ósögðu) yrðingarinnar *Hún spillir okkru vinfengi*, sem liggur á bak við orð Gunnars, og hann neitar. Merkingarleg staða *það* sé því hin sama og í eftirfarandi fráfræslusetningu:

(ii) **Það** mun svo nær leggja [að hún spilli okkru vinfengi]

<sup>15</sup> „The fact that the expletive subject is absent even in those contexts where it is more or less obligatory in the descendent language provides rather strong evidence against its existence in Old Norse“ (Faarlund 1990:17).

<sup>16</sup> „If a certain syntactic form F is used regularly in a given function or type of context C in a living language L, and if F is absent in C at an earlier stage of the language, OL, then there is good reason to assume that F does not exist in OL.“

fornu máli ekki notaðar sem röksemd gegn tilvist *það* á því stigi. Reyndar eru öll dæmin sem Faarlund nefnir (1990:105-106) a.m.k. jafneðlileg án *það* í venjulegu íslensku ritmáli, enda þótt þau myndu sennilega hafa *það* í talmáli.<sup>17</sup>

### 2.3 Fráfærslusetningar

Þó að engin dæmi finnist um ýmsar tegundir *það*-setninga í fornu máli er enginn hörgull á dæmum sem á yfirborðinu virðast hliðstæð (10) hér að framan, með *það* í frumlagssæti og fráfærða *að*-setningu aftast í aðalsetningunni:

- (18) a. **Það** hefir jafnan verið mál manna **að** Erlingur hafi göfgastur allra lendra manna verið í Noregi. (*Ólafs saga helga*, s. 269)
- b. **Það** var snemma spáð **að** eg mundi verða allra manna elstur. (*Bandamanna saga*, s. 43)
- c. En **það** er dagsanna **að** faðir minn þarf ekki að skipa mér aðrar staðfestur en þá er mér var í fyrstu ætluð. (*Íslendinga saga*, s. 437)
- d. **Það** er nú að segja þessu næst **að** Oddur Þórarinsson kom til móts við Gissur og bundu nú félagsskap sinn. (*Íslendinga saga*, s. 652)
- e. Til þessar vistar væri eg fúsastur en **það** hefir orðið stundum **að** mein hefir þótt að hrossum mínum í búfjárhögum. (*Víga-Glúms saga*, s. 1923)
- f. **Það** má vera að svo færi mér ef eg væri höfðingi **að** mér þætti illt að deila við Hrafnkel. (*Hrafnkels saga Freysgoða*, s. 1406)

Eins og áður er nefnt hefur Höskuldur Þráinsson (1979:176-210) bent á tvenns konar hegðun *það* í slíkum setningum í nútímamáli, og sýnt hvernig beita má setningafræðilegum prófum til að átta sig á eðli þess. En vegna þess að útilokað er að beita þeim prófum á eldri málstig höfum við litla möguleika á að skera úr um *það* hvað orðið hefði um *það* í setningunum í (18) ef einhver annar liður hefði verið færður fremst; hvort *það* hefði þá staðið á eftir sögninni eða horfið algerlega úr setningunum. Í síðarnefnda tilvikinu væri væntanlega um merkingarsnauðan lepp að ræða..

Það er vissulega ljóst að setningar af fyrrnefnda taginu, þar sem *það það* stendur aftan við persónubeygðu sögnina og virðist vísa til *að*-setningarinnar, eru allalgengar í fornu máli (sjá Kristínu M. Jóhannsdóttur 1992).<sup>18</sup> Ýmist koma þá önnur orð á milli *það* og *að*, eins og í (19), eða ekki, eins og í (20):

- (19) a. Er **það** gaman mitt helst **að** tala við vitra menn. (*Bandamanna saga*, s. 38)
- b. Og einn tíma eftir miðjan vetur var **það** einn morgun **að** húsfreyja fór til fjóss að mjólka kýr eftir tíma. (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1007)
- c. Var **það** þá sumra manna mál **að** Arnviður jarl mundi setja menn sína til að drepa menn konungsins en hafa féið að færa jarlinum. (*Egils saga Skallagrímssonar*, s. 477)

<sup>17</sup> Dæmin eru þessi:

- (i) a. Um hans daga var friður góður í Svíþjóð.  
b. Kastali var fyrir austan sundið.  
c. Við fossinn var otur einn.

<sup>18</sup> Um setningar af þessu tagi segir Faarlund (1990:72): „The word *þat* is here base generated as the head of phrase, and is thus not an expletive word at this point. This is shown by the fact that it may also immediately precede the clause [...], and that it may be the head of a subordinate clause which is not a subject [...].“



- (20) a. Einu hverju sinni var **það að** þeir bræður úr Sandgili voru undir Þríhyrningi. (*Brennu-Njáls saga*, s. 193)
- b. Vorkunn var **það að** þér mislíkaði þeirra umræða. (*Fóstbræðra saga*, s. 839)
- c. Satt var **það að** Þorkell hákur var mér skyldur en eigi þér enda skal eg og fara. (*Ljósvetninga saga*, s. 1700)

Oftast stendur *það* þó fremst í setningunni eins og í (18) og gæti í raun fallið að hvorri greiningunni sem væri. Spurningin er þá hvort hægt sé að færa einhver rök fyrir því að í (sumum) slíkum dæmum beri að greina *það* sem merkingarsnauðan lepp.

#### 2.4 Leppir í fornu máli?

Í fjölmörgum fráfærslusetningum í fornu máli virðist *það* hafa næsta litla tilvísun eða merkingu og fremur þjóna hlutverki einhvers konar upphafsmarks (e. *introductory marker*). Svipuðu máli gegnir í fornsænsku; þannig er óvíst hvort *det* (*Thz*) í eftirfarandi dæmum frá um 1385 er leppur eða ekki, að sögn Falk (1993:256; dæmi tekin þaðan):

- (21) a. **Thz** sagdhe en magister aff enom stadh som thucia hetir at en brodhir ...  
það sagði herra frá einum stað sem Thucia heitir að bróðir ...
- b. **Thz** war at diäfwlin tedhe sik j enna människio like enom wälbomnom kristnom man  
það var að djöfullinn birti sig í einnar manniskju líki einum ríkum kristnum manni

Þarna er erfitt að sjá, eins og í mörgum setninganna í (18), að *det/það* vísi með einhverjum hætti til *at/að*-setningarinnar. Um það verður þó ekkert fullyrt, en sérstaklega eftirtektaer verð eru fjölmörg dæmi þar sem aukasetningin hefst á *er* í stað *að* (sbr. líka (14) hér að framan).<sup>19</sup>

- (22) a. **Það** var einn dag **er** Oddur sat yfir mat og Óspakur gegnt honum. (*Bandamanna saga*, s. 30)
- b. **Það** var einn dag **er** Gunnar gekk frá Lögbergi. (*Brennu-Njáls saga*, s. 160)
- c. **Það** var einn dag **er** Egill gekk úti með vegg og drap fæti og féll. (*Egils saga Skallagrímssonar*, s. 515)
- d. **Það** var einn dag **er** þeir fóstbræður bjuggust til að sækja uxann ef þeim fengist hinn þriðji maðurinn til liðs. (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1030)
- e. **Það** var eitt vor **er** Þorvaldur fór til Arnarfjarðar með fjölmenni. (*Hrafns saga Sveinbjarnarsonar*, s. 236)
- f. **Það** var eitt sumar **er** Agni konungur fór með her sinn á Finnland, gekk þar upp og herjaði. (*Ynglinga saga*, s. 21)

Hér verður varla séð að *það* vísi til eftirfarandi aukasetningar. Það er einnig eftirtektaervert að enda þótt til séu dæmi á við (23), þar sem *það* fer á eftir sögninni í setningum hliðstæðum (22), þá eru þau ákaflega fá; ég hef aðeins fundið þessi tvö:

- (23) a. Og einn dag var **það er** Kormákur gekk um stræti. (*Kormáks saga*, s. 1507)
- b. Tóku þeir til að berjast milli miðaftans og náttmála en eftir sólarfall var **það er** flóttinn brast. (*Þorgils saga skarða*, s. 706)

<sup>19</sup> Ekki er öruggt hvernig greina beri *er* í þessum setningum. Vitaskuld er *er* oftast tíðartenging í fornu máli, en hér virðist það standa í stað skýringartengingarinnar *að*. Það er vissulega þekkt að *er* getur stundum haft þá stöðu í forn máli (sbr. Nygaard 1905:268). Hér er samt á það að líta að í þessum dæmum er alls staðar vísað til tíma, og það er miklu algengara að *er* standi í stað *að* í setningum af þessu tagi en öðrum setningagerðum.

Þar sem *er*-setning fer á eftir er *það* sem sé nær einskorðað við upphaf setninga, eins og merkingarsnauðt *það* er í nútímamáli. Ég held því fram að þau dæmi, þ.e. setningar eins og í (22), verði að túlka svo að merkingarsnauðt *það komi fyrir* í fornu máli þrátt fyrir allt, andstætt því sem venjulega hefur verið haldið fram. Hitt er vissulega rétt að notkun þess er mjög takmörkuð, og sem áður segir virðast engin fornmálsdæmi finnast um aðrar setningagerðir með *það* sem algengar eru í nútímamáli (náttúrufarssetningar, þolmyndarsetningar, tilvistarsetningar o.fl., sbr. (3)-(9) hér að framan).

### 3. Þróunin á síðari öldum

#### 3.1 Nýjar setningagerðir koma til sögu

Aðrar setningagerðir með merkingarsnaudu *það* fara að koma inn í málið ekki seinna en um 1500. Þær hafa sennilega þróast smátt og smátt með hliðsjón af setningum eins og (18) og (22), og er trúlegt að þróunin hafi verið svipuð og í dönsku/norsku (Faarlund 1990:72-73)<sup>20</sup> og sænsku (Falk 1993:259).<sup>21</sup> Elstu öruggu íslensku dæmin sem ég hef fundið eru úr *Miðaldaævintýrum* (1976), sem talin eru frá því um 1500. Hér er um að ræða *það* í tilvistarsetningu (24a) og þolmynd af áhrifslausri sögn (24b).

- (24) a. **Það** var einn mann í Englandi sem fleiri aðrir, þó frá þessum verði nú sagt heldur en öðrum, er tók í sinn vanda að gera óvinum sínum og nágrönnum sínum gestaboð á hverjum jólum.
- b. **Það** er nú sagt af einum ríkum manni og mikilhæfum og nökkuð framferðugur til veraldliga hluta.

Þessum setningum, einkum (24a), svipar mjög til elstu dæma um merkingarsnauðt *það* í sænsku, s.s. (25) frá f.hl. 15. aldar, en um þau segir Falk (1993:255-256; dæmi tekið þaðan):

Almost throughout, *det* is used in presentational constructions, as an introduction to a new story, where the principal character of the story is presented. The verb is always *vara* ‘be’, and the NP is often completed by a relative clause, as in ([25]) [...].

- (25) **Thz** war een iomfru som altidh plæghadhe gerna danza  
það var ein jómfrú sem alltaf var vön að gjarna dansa

Eftir að hafa borið saman uppkomu hliðstæðra setninga í sænsku og þýsku segir Falk (1993:260):

A similar investigation of the history of Icelandic *það* would be interesting. If the development resembles the Swedish and German one, we would expect *það* to occur first in main clauses with non-topical subjects.

---

<sup>20</sup> „The use of ‘it’ in existential sentences might have been reinforced by its use in extraposition constructions, where it was originally an anticipating pronoun referring to the sentential argument. In Old Norse such a pronoun was already very common in extraposition constructions. [...] As the requirement for a lexically filled subject position became stronger, and eventually absolute, the anticipating *þat* was reanalysed as an expletive subject“ (Faarlund 1990:72-73).

<sup>21</sup> „In Old Swedish, we have seen a very restricted, functionally determined use of expletive *det*, in principle only as an introductory, presentational item. In Early Modern Swedish, this use is extended to include clauses with non-topical subjects in general. The use of *það/es* in Icelandic and German can now be interpreted as a further extension, a step from “a non-topical subject” to “no topical subject”; the latter includes impersonal passives as well“ (Falk 1993:259).

Þótt ekkert mæli í sjálfu sér gegn þessu er auðvitað hæpið að draga miklar ályktanir um mismunandi stig í þróun *það* út frá örfáum dæmum.

Í elstu prentaðri bók á íslensku, *Nýja testamentinu* í þýðingu Odds Gottskálkssonar, frá 1540, koma fyrir ýmsar tegundir setninga með *það*-lepp. Þar má nefna elsta dæmi sem ég hef fundið um *það* með náttúrufarssögn:

- (26) Elías var maður líka svo sem vér, og hann bað bænar að **það** skyldi eigi rigna, og **það** rigndi ekki yfir jörðina í þrjú ár og sex mánaði. (*Jak 5:500*)

Einnig eru þarna tilvistarsetningar með *það*:

- (27) a. **Það** verður fínt veður því að himinroði er. (*Matt 16:42*)  
b. Og **það** var aðfangadagur og þvottdagurinn tók að hefjast. (*Lúk 23:180*)  
c. **Það** er þvottdagur. (*Jóh 5:193*)

Hér má einnig finna *það* í upphafi aukasetninga, sem sýnir ásamt öðru að notkun þess er ekki lengur bundin við einhvers konar kynningu.

- (28) a. Og þá er kveld var komið, af því **það** var aðfangadagur ... (*Mark 15:113*)  
b. Og þá hann kom þangað að, fann hann ekkert nema laufblöðin því að **það** var eigi fíknanna tími kominn. (*Mark 11:101*)  
c. Segið þér eigi sjálfir að **það** eru enn fjórir mánuðir til kornskurðartíma? (*Jóh 4:192*)

Rétt er að hafa í huga að þau dæmi frá 16. öld sem hér hafa verið tilgreind eru öll úr þýðingum. Það virðist ekki ólíklegt að erlend áhrif hafi a.m.k. ýtt undir þróunina í íslensku.

Ákaflega fá dæmi hafa fundist um merkingarsnautt *það* frá 17. og 18. öld, þrátt fyrir talsverða leit, og vafamál er hvernig túlka beri flestar þeirra setninga sem til greina koma. Eftirfarandi dæmi úr þýðingu Jóns Ólafssonar úr Grunnavík á *Nikulási Klím* frá 1745 virðist þó ótvírætt:

- (29) **Það** sló að mér felmtri við þetta svar.

Hér verður þó að hafa í huga að *það* er margfalt sjaldgæfara í ritmáli en talmáli nú á tímum, eins og áður hefur verið bent á (sjá 2. nmgr.). Ef gert er ráð fyrir því að hið sama hafi gilt á fyrri málstigum þarf fæð dæma um *það* ekki að koma á óvart; fáir varðveittir textar frá 17. og 18. öld eru talmálslegir að stíl. En auðvitað fer því fjarri að ég hafi leitað af mér allan grun í þeim textum.

### 3.2 Breytingaskeið á 19. öld

Gagnger breyting virðist hins vegar verða á notkun merkingarsnauðs *það* snemma á 19. öld. Þá er skyndilega ekki lengur neinn hörgull á dæmum um ýmsar tegundir þess – flestar eða allar þær sömu og fyrir koma í nútímamáli. Það verður hins vegar að taka tillit til þess að á fyrri hluta 19. aldar fara að koma til annars konar textar en áður; óformleg sendibréf, sem ætla má að standi nær talmáli en flestir eldri textar sem varðveittir eru. Þorbjörg Hróarsdóttir hefur einmitt kannað notkun merkingarsnauðs *það* í bréfum og tímaritum frá þessum tíma, og segir (1998:129):

[...] *það*-innskot er komið inn í mál nokkurra bréfitara sem eru fæddir um 1730 [...]. Tíðni leppsins verður aftur á móti ekki veruleg fyrir en í máli þeirra sem eru fæddir eftir 1800 (1810-1830).

Próuin er sýnd í eftirfarandi töflu (Þorbjörg Hróarsdóttir 1998:114):

(30) *Tíðni það-lepps í textum bréfitara fæddra á árunum 1730-1870*

	1. 1730-1750	2. 1750-1770	3. 1770-1790	4. 1790-1810	5. 1810-1830	6. 1830-1850	7. 1850-1870
Aðalsetn.	1	0	3	4	15	15	13
Aukasetn	2	0	2	1	5	3	4
Alls	3	0	5	5	20	18	17

Niðurstöður Þorbjargar eru örugglega réttar svo langt sem þær ná, en hætt er við að þær mótist talsvert af þeim efnivið sem hún hafði úr að spila. Tölur hennar um elstu aldurshópana byggjast á opinberum bréfum embættismanna, en í yngri hópunum notar hún aðallega einkabréf (Þorbjörg Hróarsdóttir 1998:112-113), og það skýrir sennilega að nokkru leyti þá snöggu aukningu á notkun merkingarsnauds *það* sem lesa má úr niðurstöðum hennar.<sup>22</sup>

Á hinn bóginn er útilokað að segja til um það hversu mikil áhrif mismunandi texta eru. Mér finnst eðlilegast að gera ráð fyrir að merkingarsnautt *það* hafi lifað í talmáli allt frá því að fyrstu dæmi um það finnast, um 1500 eða fyrr, og tíðni þess hafi verið talsvert meiri en fram kemur í rituðum textum. Mér þykir þó líklegt að tíðni *það* hafi aukist í upphafi 19. aldar, þannig að sá munur sem Þorbjörg fann stafi ekki eingöngu af tilkomu talmálskenndra texta. Um þetta er vissulega erfitt að fullyrða nokkuð.

En hvernig sem þessu er varið þá er ljóst að á fyrsta þriðjungi 19. aldar festir merkingarsnautt *það* sig í sessi, og um miðja öldina eða fyrr virðist vera komin festa í notkun þess; fjölmargar tegundir eru orðnar algengar, bæði í aðal- og aukasetningum. Hér má sjá nokkur dæmi úr skáldsögum Jóns Thoroddsens, *Pilti og stúlku* og *Manni og konu*.<sup>23</sup>

(31) *Náttúrufarssetningar (= 3)*

- Það** fennti yfir hann og fannst ekki fyrr en seint um vorið. (*M&K I,3:46*)
- mér þykir líklegt, að **það** líði ekki á löngu, ef hann á annað borð ætlar sér að koma hingað. (*M&K I,22:281*)

(32) *Ópersónuleg notkun sagna (= 4)*

- það** þarf ekki að eggja hann, hann er nógu framhaldssamur samt. (*M&K I,2:28*)
- ég trúi ekki öðru en að **það** mætti gjöra úr henni kvenmann. (*M&K I,4:63*)

(33) *Þolmynd áhrifslausra sagna (= 5)*

- Og ekki nema það, að **það** er búið að koma okkur Kristjáni, sem er hjá honum Möller, saman. (*P&S 95*)
- Það** hafði verið ætlað fyrir svefnherbergi fyrir gesti þá, er þóttu í heldri manna röð. (*M&K I,5:80*)

<sup>22</sup> Þorbjörg segir um bréf elsta hópsins (1998:112): „Vegna þess hversu *það*-innskot er stílbundið í nútímamáli er þess heldur varla að vænta að það finnist í jafn ríkum mæli í formlegum stíl fornaldarleifabréfanna og í sendibréfum.“ Um næstelsta hópinn segir hún (1998:113): „Hér verður að hafa þann vara á niðurstöðum að sendibréfin í þessum 2. hópi eru væntanlega formlegri að meðaltali en í seinni flokkunum þar sem hér eru menntamenn að skrifa, en í seinni flokkunum frekar konur með minni menntun [...]“

<sup>23</sup> Dæmin eru öll tekin úr orðstöðulyklum þessara sagna á vef Orðabókar Háskólans (<http://www.lexis.hi.is/jonthor/jonthor.htm>) og skammstafanir einnig.

- (34) *Polmynd með óákveðnu frumlagi* (= 6)
- Það vildi ég, að **það** væri molað hvert bein í skrokknum á þér mélinu smærra eins og þú brýtur í sundur í mér beinin, illyrmið þitt. (*M&K I,20:265*)
  - nei, ég verst allra fréttu, nema **það** hefur verið stolið skammrifjum þar á Hamri. (*P&S 57*)
- (35) *Tilvistarsetningar* (= 7)
- það** er kominn piltur frá Hálsi, sem á að sækja hana. (*M&K I,6:99*)
  - ellegar ef þú vilt heldur, þá settu þig þarna á fletið mitt, **það** er ekki lús í því. (*P&S 181*)
- (36) *Óákveðnu frumlagi áhrifssagnar frestað* (= 8)
- og **það** á heldur enginn neitt hérna í sveitinni. (*P&S 51*)
  - Það** hefur enginn sagt mér það. (*M&K I,9:132*)
- (37) *það með ákveðnu frumlagi* (= 9)
- Það** er komin hingað að Búrfelli **sú kaupstaðarrotta**, sem aldrei seðst og öllu eyðir. (*P&S 183*)
  - Ég held, Þórarinn minn, að **það** logi illa hjá þér **ljósið** í kvöld. (*M&K II,4:353*)
- (38) *Fráfærsla* (= 10)
- Það var auðséð, að húsfreyju brá við þessar fregnir. (*M&K I,3:48*)
  - Það er jafngott að vita, hvað hún segir. (*M&K I,4:67*)

Þetta yfirlit sýnir að um miðja 19. öld er notkun *það*-leppsins orðin svipuð og í nútímamáli.

## 5. Lokaorð

Í upphafi var bent á að smáorðið *það* er notað í upphafi margvíslegra setninga í nútímamáli, og gefið yfirlit yfir helstu setningagerðir sem þar er um að ræða. Þær skiptast í tvo meginflokk; setningar þar sem *það* er tilvísandi (persónu- eða ábendingarfornafn) og setningar þar sem *það* er merkingarsnauður leppur (náttúrufarssetningar, tilvistarsetningar, þolmyndarsetningar o.fl.). Síðan var gerð grein fyrir því að fæstar þeirra setningagerða þar sem *það* er leppur virðast koma fyrir í fornu máli. Þó voru færð rök að því að a.m.k. vísi að slíkri notkun orðsins megi finna þar. Örugg „nútimaleg“ dæmi um ýmsar tegundir *það*-lepps má finna á fyrri hluta 16. aldar, en nær engin slík dæmi hafa fundist frá 17. og 18. öld. Á fyrri hluta 19. aldar fjölgar dæmum um *það*-lepp ört og um miðja öldina virðist notkun hans komin í svipað horf og í nútímamáli.

Þó er óljóst hvort breytingin er jafnsnögg og fjölgun dæma bendir til; einnig er líklegt að tilkoma annars konar texta á þessum tíma hafi nokkuð að segja. Notkun *það* er nefnilega mjög stílbundin, og margfalt meiri í talmáli og óformlegu ritmáli, s.s. einkabréfum, en í formlegri textum. Oft hefur líka verið amast við notkun þess. Þannig segir Jakob Jóh. Smári (1920:19): „Fallekast mál er að nota þetta aukafrumlag sem minst“; og Björn Guðfinnsson (1943:8) tekur í sama streng: „Bezt fer á að nota þetta aukafrumlag sem minnst“. Margir kannast líka við það að svipuðum sjónarmiðum hafi verið haldið að þeim í skóla.

Þetta veldur því m.a. að erfitt er að rekja uppkomu og þróun merkingarsnauds *það* á fyrri málstigum, þar sem aðeins er hægt að byggja á rituðum textum. Sú hættu er veruleg að við ofmetum þær breytingar sem hafa orðið á notkun þess, vegna þess að við berum ritmál fyrri tíðar saman við nútíma talmál. Slíkur samanburður er ævinlega varasamur, en sennilega óvída eins hæpinn og á þessu sviði.

## TEXTAR

**Íslendinga sögur;** ritstj. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu, Reykjavík, 1985-86:

*Bandamanna saga, Brennu-Njáls saga, Egils saga Skalla-Grímssonar, Fóstbræðra saga, Grettis saga Ásmundarsonar, Hrafnkels saga Freysgoða, Kormáks saga, Ljósvetninga saga, Víga-Glúms saga.*

**Sturlunga saga;** ritstj. Bergljót Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Gísli Sigurðsson, Guðrún Ása Grímsdóttir, Guðrún Ingólfssdóttir, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu, Reykjavík, 1988:

*Hrafn saga Sveinbjarnarsonar, Íslendinga saga, Þorgils saga skarða.*

**Heimskringla;** ritstj. Bergljót Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Jón Torfason og Örnólfur Thorsson. Mál og menning, Reykjavík, 1991:

*Ólafs saga helga, Ynglinga saga.*

**Miðaldaævintýri** þýdd úr ensku. Einar G. Pétursson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík, 1976.

**Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar;** útg. Sigurbjörn Einarsson, Guðrún Kvaran og Gunnlaugur Ingólfsson. Lögberg, Reykjavík, 1988.

**Ludvig Holberg; Nikulás Klím;** íslensk þýðing eftir Jón Ólafsson úr Grunnavík (1745). Jón Helgason bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn, 1948.

## HEIMILDIR

Ásta Svavarsdóttir. 2001. Orðaforði talmáls og ritmáls. Frumathugun á orðaforðanum í ÍS-TAL með samanburði við ritmálstexta. Erindi á 5. málþingi Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands 13. október.

Björn Guðfinnsson. 1943. *Íslensk setningafræði*. 2. útg. Ísafoldarprentsmiðja HF., Reykjavík.

Bobaljik, Jonathan, og Dianne Jonas. 1996. Subject Positions and the Roles of TP. *Linguistic Inquiry* 27:195-236.

Eiríkur Rögnvaldsson. 1984a. Rightward Displacement of NPs in Icelandic. – Formal and Functional Characteristics. Kristian Ringgaard og Viggo Sørensen (ritstj.): *The Nordic Languages and Modern Linguistics* 5:361-368.

Eiríkur Rögnvaldsson. 1984b. Icelandic Word Order and *það*-Insertion. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 8:2-21.

Eiríkur Rögnvaldsson. 1998. Heimildatúlkun í sögulegri setningafræði. Baldur Sigurðsson, Sigurður Konráðsson og Örnólfur Thorsson (ritstj.): *Greinar af sama meiði*, bls. 317-334. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.

Eiríkur Rögnvaldsson og Höskuldur Þráinsson. 1990. On Icelandic Word Order Once More. Joan Maling og Annie Zaenen (ritstj.): *Modern Icelandic Syntax*. Syntax and Semantics 24, bls. 3-40. Academic Press, San Diego.

Faarlund, Jan Terje. 1990. *Syntactic Change. Toward a Theory of Historical Syntax*. Mouton, Berlín.

Falk, Cecilia. 1993. *Non-Referential Subjects in the History of Swedish*. Doktorsritgerð, Lund universitet, Lundi.

Friðrik Magnússon. 1990. *Kjarnafræsla og það-innskot í aukasetningum*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Haiman, John. 1974. *Targets and Syntactic Change*. Mouton, The Hague.

Halldór Ármann Sigurðsson. 1981. Dukunarögn um íslenskar aukatengingar. Óprentuð ritgerð í eigu Málvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Halldór Ármann Sigurðsson. 1989. *Verbal Syntax and Case in Icelandic*. In a Comparative GB Framework. Doktorsritgerð, Lund universitet, Lundi. [Endurprentuð 1992 hjá Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.]

Halldór Ármann Sigurðsson. 1994. *Um frásagnarumröðun og grundvallarorðaröð í forníslensku*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson. 1979. *On Complementation in Icelandic*. Garland, New York.

Höskuldur Þráinsson. 1989. Syntaktiske endringer fra norrønt til moderne islandsk. Erindi flutt á MONS 3, Tromsø.

Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson. 1999. *Íslensk setningafræði*. 6. útg. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslensk setningafræði*. Bókaværzlun Ársæls Arnasonar, Reykjavík. [Endurprentuð 1987 hjá Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.]

Jörgen Pind (ritstj.), Friðrik Magnússon og Stefán Briem. 1991. *Íslensk orðtíðnibók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.

- Kosmeijer, Wim. 1990. The Distribution of Það: An Argument against a Generalized COMP Analysis. Halldór Ármann Sigurðsson (ritstj.): *Papers from the Twelfth Scandinavian Conference of Linguistics*, bls. 182-193. Linguistic Institute, University of Iceland, Reykjavík.
- Kristín M. Jóhannsdóttir. 1992. Það er nú það. Óprentuð BA-ritgerð við Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Maling, Joan. 1987. Existential Sentences in Swedish and Icelandic: Reference to Thematic Roles. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 28.
- Nygaard, Marius. 1905. *Norrøn syntax*. Aschehoug, Kristiania.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling. 2001. Það var hrint mér á leiðinni í skólann: Þolmynd eða ekki þolmynd? *Íslenskt mál* 23:123-180.
- Sigurður H. Pálsson og Halldór Ármann Sigurðsson. 1994. Íslensk setningalýsing – aðalsetningar. Óprentað handrit í eigu Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Vikner, Sten. 1995. *Verb Movement and Expletive Subjects in the Germanic Languages*. Oxford University Press, Oxford.
- Þorbjörg Hróarsdóttir. 1998. *Setningafræðilegar breytingar á 19. öld. Þróun þriggja málbreytinga*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Þorbjörg Hróarsdóttir og Halldór Ármann Sigurðsson. 1994. Íslensk setningalýsing – aukasetningar. Óprentað handrit í eigu Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, Reykjavík.

## SUMMARY

‘ÞAÐ (‘it, there’) in Old Icelandic – and later’

**Keywords:** expletives, language change, Old Icelandic, weather constructions, impersonal passives, existential sentences, transitive expletives, extraposition, spoken language

The purpose of this paper is to try to trace the origins of the expletive *það* ‘it, there’ in Icelandic. The first section is an overview of different types of sentences beginning with *það* in Modern Icelandic, and thus provides a necessary background for this study.

It has usually been claimed that Old Icelandic did not have any expletives (Smári 1920; Faarlund 1990). I have looked at all the 16,583 instances of *það* in a corpus comprised of the main Old Icelandic narrative texts, and among those, there are no instances of expletive *það* in weather constructions, existential sentences, or impersonal passives. However, *það* is very frequent in extraposition constructions, and in some of those, it seems rather likely that it has the function of an expletive.

The oldest unequivocal examples I have found of expletive *það* in existential sentences and impersonal passives are in stories that were translated from English around 1500, and the more such examples, together with the first attested example of expletive *það* in weather constructions, are found in the first Icelandic translation of *The New Testament*, from 1540. However, such examples are almost never found in texts from the next two centuries.

In the first half of the 19th century, the frequency of expletive *það* in various sentence types rises rapidly, as shown by Hróarsdóttir (1998). This may in part be due to the introduction of new types of texts, such as informal personal letters written by uneducated people. Towards the middle of the century, the frequency and use of expletive *það* appears to have become similar to its frequency and use in Modern Icelandic.

Eiríkur Rögnvaldsson  
Háskóla Íslands  
Árnaparði við Suðurgötu  
IS-101 Reykjavík, ÍSLAND  
[eirikur@hi.is](mailto:eirikur@hi.is)